



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs Akureyrar 2021

Viðurkenningarhafinn er fæddur á Akureyri árið 1951. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og myndlistin hefur verið hans grein alla tíð.

Aðkoma hans að menningarlífi bæjarins hefur verið fjölbreytt þó segja megi að hann hafi helgað krafta sína fyrst og fremst einu verkefni sem liggur líka á sviði menntamála.

Verkefni þetta á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1974 og það voru þau Aðalsteinn Vestmann og Úlla Árdal sem ýttu því úr vör og fyrir tilstuðlan Akureyrarbæjar þá fékk það inni í Verslunarmannahúsinu og dálítinn rekstrarstyrk í meðgjöf.

Verkefni þetta var Myndlistarskólinn á Akureyri sem er hvorki meira né minna en 49 ára gamall á þessu ári. Viðurkenningarhafinn okkar hefur starfað við skólann alveg frá upphafi sem kennari og skólastjóri.

Starfsemi skólans fluttist í nýinnréttað húsakynni í Glerárgötu 34 árið 1977 og þá tók okkar maður Helgi Vilberg við rekstri skólans. Á þessum tímamótum í sögu skólans gáfu íslenskir myndlistarmenn verk á sýningu til styrktar starfseminni, framlag Akureyrarbæjar hækkaði og skólinn fékk í fyrsta sinn ríkisstyrk.

Saga skólans og saga Helga var ofin órofa böndum síðan og margur áfanginn náðst á langri leið. Þar má m.a. nefna samvinnu við Menntaskólann á Akureyri um myndlistardeild, sett var á fót fornámsdeild, stofnsett málunardeild svo nemendur gátu lokið sérhæfðu listnámi og síðar eða árið 1992 var stofnuð ný sérnámsdeild í grafískri hönnun.

Árið 1988 fluttist skólinn í Grófargil og kórónaði hugmyndina um Listagilið á Akureyri. Nemendur skólans hafa margir orðið með mikilvirkari listamönnum þjóðarinnar og grafískir hönnuðir frá skólanum verið eftirsóttir hvarvetna.

Fyrir Akureyri sem skólabæ hefur Myndlistaskólinn verið gríðar mikilvægur sem og fyrir listalífið í bænum. Í kring um hann hefur skapast samfélag nemenda og kennara sem hafa jafnframt verið gerendur í lista- og menningar lífi.

Þó megin starf Helga hafi verið skólinn þá hefur hann líka tekið þátt með margvíslegum öðrum hætti hann átti m.a. sæti í menningarmálanefnd bæjarins og síðar í stjórn Akureyrarstofu eftir að hún tók við verkefnum nefndarinnar.

Listir og menning efla án nokkurs vafa þekkingarleit og nýsköpun í samfélagi okkar og Myndlistaskólinn hefur verið stór þáttur fyrir, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningar á landsbyggðinni.

Eða eins og Helgi segir sjálfur: Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi.

Fyrir ómetanlegt framlag til listnáms á Íslandi og fyrir mikilsvert framlag til menningarlífsins í bænum hlýtur Helgi Vilberg heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs 2021.